

Velferðarráð

Ár 2018, miðvikudaginn 7. nóvember, var haldinn 341. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:07 í Borgartúni 12-14. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Magnús Már Guðmundsson, Alexandra Briem, Egill Þór Jónsson, Vigdís Hauksdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir, Sigtryggur Jónsson, Elínrós Hjartardóttir og Helga Jóna Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs.
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga velferðarráðs, um fundaröð opinna funda á tímabilinu nóvember 2018 til maí 2019:

Velferðarráð samþykkir að standa fyrir röð morgunfunda opnum almenningi á tímabilinu nóvember 2018 til maí 2019. Á fundunum verða rædd þau viðfangsefni sem ber hæst í velferðarmálum hverju sinni.

Samþykkt.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga velferðarráðs um styrkingu á starfsemi barnaverndar í Reykjavík, ásamt greinargerð:

Velferðarráð samþykkir að styrkja starfsemi barnaverndar í Reykjavík með því að breyta skipuriti velferðarsviðs og setja á laggirnar tvær fagskrifstofur á Barnavernd Reykjavíkur. Annars vegar á sviði stjórnsýslu og lögfræði og hins vegar ráðgjafar. Jafnframt verði stöðugildum fjölgað tímabundið, til þriggja ára, til að innleiða gæðastjórnun og árangursmat, auka fræðsluhlutverk barnaverndar og flýta fyrir notkun rafrænna lausna í daglegri umsýslu. Áætlaður kostnaður vegna fjölgunar stöðugilda og vegna innleiðingar breytinga og fjölda umbótaverkefna hjá Barnavernd Reykjavíkur nemur 90 mkr. á árinu 2019.

Samþykkt.

Fulltrúar velferðarráðs leggja fram svohljóðandi bókun:

Ábyrgð borgarinnar á velferð barna er rík. Árið 2017 var samþykkt að fara í úttekt á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur. Nú liggja fyrir tillögur sem byggjast á því starfi og mikið fagnaðarefni að fá tillögur sem miða að því að skýra verkferla, bæta starfsaðstöðu og efla það góða og faglega starf sem fer fram hjá Barnavernd Reykjavíkur. Velferðarráð samþykkir að auka fjármagn til að innleiða þær tillögur sem fram koma í úttektinni.

4. Fram fer kynning á skrifstofu ráðgjafapjónustu velferðarsviðs.

Edda Ólafsdóttir verkefnastjóri, Þóra Kemp deildarstjóri, Stefanía Sörheller verkefnastjóri, Katrín Þórdís deildarstjóri og Helgi H Viborg deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á rannsókn, dags. september 2018, um hvaða þættir hafa áhrif á brottfall í Kvennasmiðju, Karlasmíðju og Grettistaki.

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir verkefnastjóri og Stefanía Sörheller verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram stöðumat I á aðgerðaráætlun með stefnu Reykjavíkurborgar, dags. 31. október 2018, í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.
7. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 6. nóvember 2018, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. 9. lið fundargerðar velferðarráðs frá 24. október 2018, vegna brotthvarfs Prime Tours úr ferðaþjónustu fatlaðra ásamt fylgigögnum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við nýjan samning Strætó bs. við fyrirtækið Far-Vel. Í minnisblaði sem gert var fyrir Strætó bs. kemur fram „að báðir skráðir stjórnarmenn umsækjanda, og þar af einn núverandi eigandi, tengjast nýlegu greiðsluproti tveggja fyrirtækja í sambærilegri atvinnustarfsemi“. Í grein 0.2.7 í skilmálum rammisamningsútboðsins segir að Strætó bs. geti hafnað umsókn fyrirtækis ef skoðun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu umsækjanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldprot er varðar umsækjanda, stjórnendur eða eigendur hans. Enginn vafi leikur á að þetta ákvæði á við og því höfnum við því að gerðir verði samningar við Far-Vel. Í lögfræðialitinu er einungis lítillega minnst á úrskurð kærunefndar útboðsmála nr. 3/2015, sem inniheldur nákvæmlega sömu málsástæður og nú og við sömu einstaklingana/fyrirtæki á annari kennitölu sjá hér: <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit/-stakur-urskurdur/?newsid=d632b9cb-606b-11e8-942c-005056bc530c> Þar kemur fram álit kærunefndar útboðsmála að Strætó bs. sé skaðabótaskyld gagnvart kærendum. Því er sagan að endurtaka sig fyrir opnum tjöldum. Ljóst er að ekki hafi verið tekið á málinu af festu en staðfestar fréttir bárust af ótryggðum ökutækjum Prime Tours. Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi Ferðaþjónustu fatlaðra og fagleg vinnubrögð séu höfð að leiðarljósi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja höfuðáherslu á að Strætó bs. tryggji farþegum í akstursþjónustu fatlaðs fólks fullnægjandi þjónustu út gildistíma rammisamningsins sem er til ársloka 2019 í samræmi við lög og reglur. Mikilvægt er að í framhaldinu verði tryggt að fyrirtæki sem skipt er við standist kröfur borgarinnar um kennitölufلاك og keðjuábyrgð.

8. Lagt fram bréf velferðarsviðs til Félagsbústaða, dags. 26. október 2018, um þarfagreiningu velferðarsvið á kaupum á félagslegum íbúðum tímabilið 2018-2020 og 2020-2035.
9. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir:
 - A. Hvernig standa þær viðræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðræðum og hvenær má eiga von á því að viðræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að fela borgarstjóra að ræða við ríkisstjórn og verkalyðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög þannig að hægt sé að fjölga leiguíbúðum í Reykjavík.
 - B. Hvernig standa þær viðræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðræðum og hvenær má eiga von á því að viðræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að hefja formlegt samstarf milli ríkis, Reykjavíkurborgar, stærstu sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að tryggja að raunhæfar úrlausnir séu til staðar þegar leysa þarf úr bráðum húsnæðisvanda.
 - C. Hvernig standa þær viðræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðræðum og hvenær má eiga von á því að viðræðum ljúki? En þar samþykkti borgarráð að skora á félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi að skylda

sveitarfélög til að fjölga félagslegum leiguíbúðum, t.d. í 4-5% af íbúðum í sveitarfélaginu eða finna aðrar leiðir til að tryggja að sveitarfélögin sinni skyldum sínum.

- D. Hvernig standa þær viðræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðræðum og hvenær má eiga von á því að viðræðum ljúki? En borgarráð samþykkti að taka upp formlegar viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um kostnaðarþátttöku vegna þeirra einstaklinga sem eru með lögheimili í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar s.s. Konukot, Gistiskýlið og Víðines.
- E. Hvernig standa þær viðræður sem samþykkt var að fara í á aukafundi borgarráðs 31. júlí 2018, hversu oft hefur verið fundað og hverjir hafa komið að umræddum viðræðum og hvenær má eiga von á því að viðræðum ljúki? En borgarráð samþykkti að fela borgarstjóra að hefja viðræður við heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu m.a. hjúkrunarrými, fyrir eldra utangarðsfólk.
- F. Samkvæmt yfirliti um fundi borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda kemur fram að borgarstjóri hafi átt einn fund með félagsmálaráðherra 7. september 2018. Óskað er eftir svörum við því hvort þær viðræður hafi snúist um málefni heimilislausra. Hafi slíkar umræður farið fram er óskað eftir minnisblaði frá fundinum og þessum viðræðum.

Fundi slitið kl. 16:11

Heiða Björg Hilmsdóttir formaður (sign)

Magnús Már Guðmundsson (sign)
Alexandra Briem (sign)
Vigdís Hauksdóttir (sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (sign)
Sanna Magdalena Mörtudóttir (sign)
Egill Þór Jónsson (sign)